# Þ.O. Jónsson?, Nordre Frihavnsgade 31, 25. september

Bjarni Benediktsson Þ.O. Jónsson?, Nordre Frihavnsgade 31, 25. september

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 7

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Nordre Frihavnsgade 31. 25/9 – 1945.

Háttvirti herra borgarstjóri!

Jeg vil fyrst þakka yður hjartanlega fyrir brjefið sem jeg fjekk frá yður fyrir fjórum dögum síðan og sömuleiðis þakka jeg innilega hamingjuóskina í tilefni af sextugsafmæli mínu.

Þarnæst bið ég yður fyrirgefa alt það ómak sem jeg hefi gjört yður með þessu erfðamáli mínu, og er jeg yður innilega þakklátur fyrir alt það sem þjer hafið útrjettað fyrir mig, og þjer megið á engan hátt halda að jeg hafi borið tortryggni til yðar, og nú þegar jeg hefi fengið skíringu á þessu öllusaman frá yður og málafærslumanni skil jeg, að þjer hafið gjört alt það besta mjer tilhanda, en þegar jeg frjetti hjá Kristni Andrjessyni að öll skifting væri um garð gengin, var jeg undrandi yfir því að jeg ekki hafði fengið annað svar uppá brjef það sem jeg sendi yður 18 jan. þ.á. í gegnum utanríkisráðaneytið, en þar sem það nú kemur upp úr kafinu, að þjer aldrei hafið fengið það, skil jeg það líka, en jeg verð að segja það, að mjer finnst það „slóðsvi" í hæsta máta hjá utanríkisráðinu að afhenda yður ekki brjefið. Hvað viðvíkur þessum peningum sem þjer hafið lagt í sparisjóð fyrir mig, vildi jeg helst

láta þá standa þar fyrstum sinn, ef að þjer ekki hafið mikið á móti því.

Að þjer ekki hafið sent mjer þessi skilrikki fyr get jeg vel skilið, þar eð þetta eru smámunir í samanburði við alt það sem þjer hafið á milli handa, en allur minn misskilningur stafar af þessu brjefi sem þjer aldrei fenguð. Jeg vil ekki bjóða yður peningalega borgun fyrir alt það sem þjer hafið gjört fyrir mig í þessu máli, því það yrði svo smávægilegt í samanburði við það sem það væri vert, en ef það væri eitthvað sem jeg gæti útrjett fyrir yður hjer í Kaupmannahöfn væri það mjer sönn gleði.

Enda jeg svo með kærri kveðju og þökk frá konu minni og mjer

Yðar með virðingu og vinsemd

H. Jónsson.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur